Nd. 103. Nefndarálit

um frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

Við 8. gr.

1. Við stafl. a. Fyrir »70%« komi: 65%.
2. Við stafl. b.
   a. Fyrir »10%« komi: 15%.
   b. Á eftir »akfærra sýsluvega« komi: og ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum.
   c. Síðasti málsl. orðist svo: Skal þess gætt, að féð verði lagt til sýsluveganna tiltölulega eftir því, hversu mikil umferð bifreiða er um þá og hversu aðstaðan er örðug til viðhaldsins.

Alþingi, 4. mars 1932.

H. Stefánsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Steingr. Steinþórsson.